

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorphirðugjald er sem hér greinir:		kr.
Lögbýli	sorphirðugjald	5.000
Íbúðarhús	"	3.000
Sumarhús	"	2.000
Fyrirtæki:	1. flokkur	5.000
"	2. flokkur	15.000
"	3. flokkur	30.000
"	4. flokkur	60.000
"	5. flokkur	120.000
"	6. flokkur	150.000

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Grímsneshrepps nr. 565/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarsjóð lungnalækningaskorar Ríkisspítalanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Rannsóknarsjóður lungnalækningaskorar Ríkisspítalanna. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir:

Andrés Sigvaldason	kt. 260648-2419.
Davíð Gíslason	kt. 170241-4529.
Þórarinn Gíslason	kt. 171051-7119.
Unnur Steina Björnsdóttir	kt. 060159-6109.